



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2013

Skráning og notkun lénsins oryggisgirding.is

I.

Erindið

Með tölvubréfi Öryggisgirðinga ehf. til Neytendastofu, dags. 15. janúar 2013, er kvartað yfir notkun FB Girðingar ehf. á léninu oryggisgirding.is og tölvupóstfanginu girding@oryggisgirding.is.

Í kvörtuninni kemur fram að Öryggisgirðingar hafi verið stofnaðar í maí 2003. Netfang fyrirtækisins sé girding.is og aðal tölvupóstfangið sé girding@girding.is. FB Girðing hafi verið stofnuð árið 2012. Samkvæmt skráningarskírteini hjá ISNIC, Internet á Íslandi hf., hafi lénið girding.is verið skráð af Öryggisgirðingum árið 2003 og lén FB Girðingar oryggisgirding.is hafi verið skráð eftir skráningu lénsins. Hafi það valdið nokkrum ruglingi hjá viðskiptavinum Öryggisgirðinga. Vitað sé til þess að tölvupóstur hafi verið sendur á rangt tölvupóstfang sem ekki hafi verið uppgötvað fyrr en mörgum dögum síðar. Þá hafi Öryggisgirðingar fengið tölvupóst sem greinilega hafi verið ætlaður FB girðingu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Öryggisgirðinga var sent FB girðingu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 30. janúar 2013. Þar sem ekki var vísað til lagagreina í erindinu kom fram í bréfi Neytendastofu að að mati stofnunarinnar kæmu einkum til álita 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Svar FB Girðingar barst Neytendastofu með tölvubréfi dags. 5. febrúar 2013. Þar segir að fyrirtækið telji að framangreindar lagagreinar eigi ekki við í máli þessu. Þá segir að í erindinu sé því haldið fram að FB Girðingu berist tölvupóstar og fyrirspurnir sem ætlaðar séu Öryggisgirðingum. FB Girðingu hafi hvorki borist tölvupóstur né



fyrirspurnir sem fara hefðu átt til Öryggisgirðinga. Hins vegar virðist sem Öryggisgirðingum hafi borist erindi sem ætluð hafi verið FB Girðingu.

Eins og fram komi í erindinu sé ljóst að Öryggisgirðingar hafi haft tækifæri frá árinu 2003 til þess að tryggja fyrirtækinu umrætt lén og sína hagsmuni felist þeir í því. Þar sem FB Girðing hafi lagt í verulegan kostnað á kynningarefni þá sé þessari beiðni alfarið hafnað.

2.

Bréf FB Girðingar var sent Öryggisgirðingum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 13. febrúar 2013. Svar fyrirtækisins barst Neytendastofu 22. febrúar 2013, með tölvupósti. Þar segir að ljóst sé að einhver ruglingur hafi verið hjá viðskiptavinum og fylgdi afrit tveggja bréfa sem bárust Öryggisgirðingum en áttu að berast FB girðingu. Þá segir að erfitt sé að sjá fyrir að einhver taki greini af nafni fyrirtækis og noti svo heitið í eigin þágu.

3.

Bréf Öryggisgirðinga var sent FB Girðingu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. febrúar 2013. Ekkert svar barst Neytendastofu.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 10. apríl 2013, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar skráningu og notkun FB Girðingar á léninu oryggisgirding.is árið 2012 og tölvupóstfanginu girding@oryggisgirding.is í framhaldi af skráningu lénsins. Notkun lénsins og pósthfangsins hafi valdið nokkrum ruglingi hjá viðskiptavinum Öryggisgirðinga sem hafi skráð lénið girding.is og tölvupóstfangið girding@girding.is árið 2003.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:



„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvö konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á en 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. 2. másl. á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar málsins hafa skráð fyrirtæki sín sem einkahlutafélög. Kemur því 2. málslíður 15. gr. a. til álita í máli þessu. Þá hafa málsaðilar skráð lén sín hjá ISNIC. Öryggisgirðingar skráði lénið girding.is í september 2003 og tölvupóstfangið girding@girding.is frá sama tíma og FB Girðing lénið oryggisgirding.is í júní 2012 og póstfangið girding@oryggisgirding.is í framhaldi af skráningu lénsins.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá starfsemi sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið



talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk lén eða heiti til kynningar á starfsemi sinni.

Ljóst er að málsaðilar eru í samkeppni. Þó svo Öryggisgirðingar hafi aðsetur í Garðabæ en FB Girðing á Akureyri er starfsemin þess eðlis að líta verður svo á að fyrirtækin starfi á sama markaði. Er því augljós ruglingshætta á milli fyrirtækjanna. Engu að síður þá geta Öryggisgirðingar ekki notið einkaréttar á orðunum girðing eða öryggisgirðing í eintölu eða fleirtölu eða annars konar útfærslum á orðunum þar sem orðin eru að mati Neytendastofu almenn og lýsandi fyrir þá starfsemi sem málsaðilar stunda, þ.e. að selja og setja upp girðingar og öryggisgirðingar af ýmsu tagi. Hvorugt heitið hefur að geyma sérkenni.

Samkvæmt framansögðu er það mat Neytendastofu að skráning FB Girðingar ehf. á léninu oryggisgirðing.is og póstfanginu girðing@oryggisgirðing.is sé ekki brot gegn ákvæði 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 23. maí 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Sigurjón Heiðarsson